

REGLUGERÐ

um hagræðingarlán Iðnlánasjóðs.

1. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 millj. kr. lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán, til viðbótar almennum lánum.

2. gr.

Hagræðingarlán Iðnlánasjóðs skulu veitt í þeim tilgangi að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og frjálsari innflutnings. Umsókn skal fylgja ítarleg lýsing á fyrirhugaðri hagræðingu, og á hvern hátt hún verður til þess að auka framleiðni fyrirtækisins. Þá skal jafnframt gerð fullnægjandi grein fyrir því, hvernig umbeðið hagræðingarlán stuðli að því að gera fyrirtækinu kleift að mæta tollalækkun eða friverzlun.

Enn fremur skulu fylgja umsókn eftirfarandi gögn:

- a) eignar- og veðbókarvottorð,
- b) váttryggingaskírteini eða óbyggjandi vottorð um váttryggingu eigna fyrirtækisins,
- c) vottfestar upplýsingar um það, hverjum sé heimilt að skuldbinda fyrirtækið og veðsetja eignir þess,
- d) rekstrar- og efnahagsreikningar fyrirtækisins s. l. 2 ár,
- e) aðrar upplýsingar um rekstur og efnahag fyrirtækisins, sem óskað kann að verða eftir.

3. gr.

Vextir af hagræðingarlánnum Iðnlánasjóðs skulu ákveðnir af stjórn hans, að fengnu álit Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra.

Þegar um ótollverndaðan iðnað er að ræða eða iðnað, sem hefur óverulega tollvernd, mega vextir vera 3% p. a. lægri en almennir útlánsvextir sjóðsins.

4. gr.

Hagræðingarlán til vélakaupa mega vera til allt að þremur árum lengri tíma og í sambandi við fasteignir til allt að því fimm árum lengri tíma en hin almennu lán úr Iðnlánasjóði. Skulu þau vera jafngreiðslulán (annuitetslán) og mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

5. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 25 22. apríl 1966, um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, til að öðlust þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 7. júlí 1966.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.